

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 157/2013

2014/EES/13/05

frá 8. október 2013

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið fenbendasól⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1186/2012 frá 11. desember 2012 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið foxím⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1191/2012 frá 12. desember 2012 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið natríumsalisýlat⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32012 R 1161**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2012 frá 7. desember 2012 (Stjtið. ESB L 336, 8.12.2012, bls. 14),
- **32012 R 1186**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1186/2012 frá 11. desember 2012 (Stjtið. ESB L 338, 12.12.2012, bls. 20),
- **32012 R 1191**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1191/2012 frá 12. desember 2012 (Stjtið. ESB L 340, 13.12.2012, bls. 35).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1161/2012, (ESB) nr. 1186/2012 og (ESB) nr. 1191/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. október 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(¹) Stjtið. ESB L 336, 8.12.2012, bls. 14.

(²) Stjtið. ESB L 338, 12.12.2012, bls. 20.

(³) Stjtið. ESB L 340, 13.12.2012, bls. 35.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. október 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pórir Ibsen

formaður.